

Sp. 281. Tillaga til þingsályktunar [133. mál]

um endurskoðun á rekstri ríkissjóðs og ríkisstofnana, þar sem stefnt yrði að aukinni hagkvæmni og sparnaði.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Geir Gunnarsson, Ingvar Gíslason,
Ágúst Þorvaldsson.

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna nefnd, er vinni að því ásamt hagsýslustjóra að endurskoða rekstur ríkissjóðs og ríkisstofnana, þar sem stefnt yrði að aukinni hagkvæmni og sparnaði. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1968 lýstum við flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu, sem mynduðum þá minni hl. fjárveitinganefndar, yfir því, að við mundum síðar á þessu þingi flytja þingsályktunartillögu í þá átt, sem þessi tillaga stefnir. Ástæður til flutnings þessarar tillögu eru m. a. þessar:

Þrátt fyrir margendurtekin fyrirheit ríkisstjórnarinnar um aukinn sparnað og hagkvæmni í ríkisrekstrinum, þá hefur reynslan orðið sú, að aukin úþensla ríkiskerfisins hefur fylgt svo að segja hverjum nýjum fjárlögum, svo sem margoft hefur verið bent á. Nægir þar að nefna margfaldan kostnað við álagningu skatta með breyttu skipulagi þar á, fjölgun sendiráða auk fjölda nýrra stofnana, sem ekki skulu nefndar hér. Þá hefur á hinum síðustu árum verið tekin upp sú stefna af hálfu ríkisstjórnarinnar að breyta fjárlögum einum til tveimur mánuðum eftir að Alþingi hefur afgreitt þau, svo sem með niðurskurði verklegra framkvæmda, eins og gert var árið 1965 og aftur 1967 og stefnt er að nú árið 1968, sbr. ræðu fjármálaráðherra við 1. umræðu um frv. til laga um breytingar á tollskrá. Sá háttur hefur einnig verið hafður um afgreiðslu Alþingis um byggingu skóla.

Þá liggur það einnig fyrir, að tími sá, sem fjárveitinganefnd hefur til að vinna að athugun fjárlagafrv. hverju sinni, er of stuttur. Það ber því nauðsyn til, að starfstími fjárveitinganefndar verði lengdur frá því, sem nú er, svo og að auðvelda fjárveitinganefnd störf hennar og tryggja aðild hennar að undirbúningi fjárlagafrv., og að hún eigi auðvelt með að fylgjast með rekstri ríkissjóðs og ríkisstofnana, svo sem hún á fyrir hönd Alþingis að gera.

Það er skoðun okkar flutningsmanna, að nauðsyn beri til að taka upp nýja stefnu og ný vinnubrögð við undirbúning fjárlaga og við rekstur ríkisbúsins.